Að spinna ævintýr

Megin markmið tillögunnar er að mynda flæði, draga fram sérkenni og einstaka náttúru svæðisins. Gömlum malargryfjum er umbreytt í menningarlautir, bugðu er breytt í völundarhús og leirsléttu í kennslustofu – allt þetta og svo miklu meira verður umgjörð fyrir margvísleg ævintýr.

Landið spinnur vef og skapar Ævintýralandið sjálft

Myndskreytingar Katrínar Ólínu Pétursdóttur við ævintýri Grimms bræðra varð okkar innblástur – með fallegum flæðilínum, flækjum og varfærinni litasamsetningu vekja myndir hennar ákveðna upplifun. Upplifun sem tónar vel við íslenska náttúru sem er að finna í návígi við Úlfarnesbrekkur.

Tónar vatnsins - Vatn hefur mikið aðdráttarafl bæði fyrir unga sem aldna. Litlir lækir, fossar, tjarnir, flóar, mýrar og ár.

Þytur loftsins - Opið landslag til að hvíla hugann er, mikil gæði í nútíma borgarumhverfi. Himinn, útsýni og hljóð náttúrunnar - fuglarnir við Leirvoginn, blá Esjan í ljósaskiptunum og ljósin í bænum.

Öldur landsins - Hólar, hæðir, skógar, ár, lækir og tjarnir skapa umgjörð um ævintýralandið, gamalt malarnám sem hægt er að móta eins og leir og ímyndunaraflið farið á flug.

Gróður jarðarinnar - Asparskógar með stórum blöðum sem bærast í vindinum, fitjasef og fífa. Allt þetta og miklu meira til er að finna í ævintýralandinu.

Bylgjur mannlífsins - Ævintýralandið er umgjörð fyrir uppákomur - útileikhús og ljóðalestur. Í nágrenninu eru skólarnir, hestarnir, íþróttasvæðið, Álafosskvosin, íbúðahverfin og miðbærinn.

HUGMYNDIN

MYNSTRIÐ Í VEFNUM

Aðkoma bílaumferðar er frá jöðrunum, frá Vesturlandsvegi og Tunguvegi. Aðkoman frá Vesturlandsvegi tengist *Lautunum*, stóru opnu svæði sem gefur margvíslega möguleika. Frá Tunguvegi tengist tjaldsvæði og skátaheimili.

Við Vesturlandsveg eru 170 föst bílastæði og 100 viðbótarstæði. Stæðin eru í afmörkuðum einingum og felld inn í landið þannig að lítið ber á þeim frá ævintýragarðinum.

Hvammar. Við þjónustumiðstöðina við Tunguveg er reiknað með 50 bílastæðum og um 5500 m^2 svæði fyrir tjaldsvæði og leiksvæði.

Byggingarnar eru hluti af umhverfinu þar sem náttúrufræðistofa, skátaheimili og þjónustubygging fyrir tjaldsvæði mynda eina heild. Bílastæði eru samnýtt auk þess sem tjaldsvæðið gæti nýst skátum og skólum að vetri til. Byggingar falla inn í „mön" sem afmarkar svæðið og veitir skjól til norðurs. Byggingarnar eiga að vera sem mest „gegnsæjar" þannig að útsýnið að Tungufossi verði óskert.

Lautirnar. Neðan við aðkomuna frá Vesturlandsvegi liggja „**Hátíðarlautir**". Fjölnota svæði fyrir menningarviðburði s.s. útileikhús, ljóðalestur, söngskemmtanir svo og stærri atburði eins og tónleikahald, markaðsdaga, minni íþróttaviðburði og sýningarsvæði fyrir skúlptúra svo fátt eitt sé nefnt. Jafnframt hentar svæðið vel til almennrar útivistar þar sem boðið er upp á fjölbreyttar gönguleiðir, leik og dvalarsvæði innan um hóla og hæðir sem skapa rými og skjól.

Afmarkaður er byggingarreitur fyrir þjónustubyggingu, verslunar- og veitingarekstur á hæðarbrún með yfirsýni yfir Hátíðarlautirnar.

Lautirnar eru nokkrar: **Framtíðarlaut** með tölvustýrðum leiktækjum; **Ljóðalaut** með setbrekku og rómantískum gróðri; **Stóralaut** með stórri grasflöt til boltaleikja eða fyrir markaðsdaga, **Krakkalaut** með leiktækjum og ævintýrabrautum.

Leikhúslaut Á "miðju" svæðinu er gert ráð fyrir útileikhúsi með tæknibúnað sem gerir ráð fyrir metnaðarfullum leiksýningum. Á sama tíma er einnig á einfaldan hátt hægt að nýta leiksviðið til ólíkra viðburða og annarra hátíðarhalda.

Stígakerfið myndar flæði og er markvisst hannað fyrir mismunandi upplifun, og miðast við þarfir hvers og eins. Núverandi stígar skulu endurskoðaðir með tilliti til þess. Við áningastaði og dvalarsvæði verður sérstaklega unnið með yfirborðsmerkingar þannig að blindir, sjónskertir og hreyfihamlaðir eigi auðvelt með að ferðast um svæðið.

Rósastígurinn liggur eftir svæðinu endilöngu og er prýddur áttblaðarósum mynstur sem sótt er í forna rósaleppaprjón.

Stígurinn byrjar í Álafosskvosinni þar sem ullin var unnin, þaðan spinnst þráðurinn og tengist hjarta hátíðarsvæðisins. Hann liggur í mjúkum boga meðfram Varmánni að útsýnis/leikjaturni upp á melnum og sveigir niður í bugðu við ána í skjóli frá skarkala umheimsins. Hér tekur við ævintýri völundarhússins.
Mynstrið í rósastíginn getur verið úr plasti frá Reykjalundi, götumálningu eða öðrum efnum eftir því hvað við á hverju sinni. Meðfram stígum eru dvalarsvæði og áningastaðir, útfærðir með munstrinu og við þá eru gróðursettir rósarunnar frá Mosfellsdal.

Áfram liggur stígurinn um undur votlendisins við Leirvoginn, timburstígur sem svífur yfir landinu og maðurinn þagnar og stígur varlega til jarðar, að lokum er klifið upp í turn þar sem „veröldin endar" og við blasir náttúran, fuglar eða stjörnurnar allt eftir tíma og árstíð.

Ætistígurinn liggur frá menningarlautunum að Köldukvísl. Þar verður komið fyrir fjölbreyttum ætum gróðri þar sem hægt er að narta í ber eða súru á mismunandi árstíma. Rifsber, sólber, stikkilsber, krækiber, bláber, hrútaber, rabarbara, hundasúru, blóðberg, piparmyntu, kúmen og graslauk.

Hengibrú fyrir gangandi umferð tengir saman svæðið milli þjónustumiðstöðvar og miðjusvæði. Hengibrúin virkar jafnframt sem „leiktæki" og sagan af tröllinu undir brúnni verður ljóslifandi í hugum manns þegar gengið er yfir hana.

Leiksvæði uppbygging leiksvæða er mest í kringum Lautirnar en einnig er gert ráð fyrir minni svæðum á jöðrunum. Hugmyndin er að leiktæki við Lautirnar verði með innbyggðri tölvutækni, sem er nýjasta nýtt á markaðnum. Leiktæki sem byggja á tölvutækni virkja börn í hreyfingu gegnum "tölvuleiki". Á jaðarsvæðum gætu verið einfaldari leiktæki. Reiknað er með leiktækjum fyrir alla aldurshópa. Yfirborð leiksvæða er með gúmmíyfirborði (tartan). Hér er hægt að vinna með liti sem auðvelda sjónskertum að nota svæðin. **Útsýnis/leikjaturn** liggur uppi á útsýnishólnum við Tunguveg, með yfirsýn til allra átta.

Asparskógurinn skilur á milli náttúrusvæðisins og ævintýralandsins og myndar umgjörð utan um útsýnishólinn. Asparskógurinn lokar svæðinu frá fyrirhuguðum Tunguvegi. Skógurinn er hæstur næst útsýnishólnum en lækkar svo til vesturs þegar nær dregur votlendissvæðinu þar sem elri verður ríkjandi tegund.

Umhverfisfræðsla Gott aðgengi er frá náttúrufræðistofunni að hinum mismunandi svæðum sem mætti nýta í heild sinni til náttúrufræðikennslu, þar sem áningastaðir og dvalarsvæði eru útikennslustofur. Á svæðinu má finna fjölbreyttan **gróður**; gróskumikið graslendi, samfelldan mosagróður og blómlendi. Árnar eru mikilvægar fyrir **fugla** Leirvogstungan og Varmárósar er mikilvægur hvíldar- og setstaður fyrir farfugla.

Jurta og trjásýnisreitur Gert er ráð fyrir jurta og trjásýnissafni undir ásnum „milli Rósastígs og Varmár". Núverandi gróður skapar umgjörð fyrir safnið þar sem lögð er áhersla á að byggja upp mismunandi trjáa- og runnasöfn. Líta má á svæðið í heild sem kennslu rými þar sem lögð verður áhersla á greiningu gróðurs og áningarstað í tengslum við Rósarstíg sem einnig er umgjörð fyrir útikennslustofu.

Þrekstöðvar Lagt til að þrekstöðvum fyrir mismunandi æfingar (t.d. tröppuþrek, hopp, lyftur, armbeygjur og fl.) verði komið fyrir á nokkrum stöðum á svæðinu sem hluti af æfingarkerfi fyrir skipulagða íþróttastarfsemi og almenningsíþróttir í bænum. Æfingakerfið yrði byggt upp í tengslum við stígakerfi Mosfellsbæjar og tengist íþróttamiðstöðinni við Varmá.

FRUMÞRÆÐIRNIR

Samkeppnissvæðið er fjölbreytt hvað varðar náttúru og landslag. Tunguvegur skiptir landinu upp í tvær einingar, votlendi og leirur neðan við Tunguveg og hinsvegar uppgrónar malarnámur þar sem Varmá bugðast í gegnum svæðið.

VATN

- **Ár og lækir** sem liðast um svæðið er eitt af megin einkennum svæðisins.
- **Votlendi og mýrar** ásamt flóum og deiglendi.

Vefur vatnsins myndar einn af grunnþráðunum í ævintýra spunanum.

NÁTTÚRAN



SJÓNLÍNUR

HUGMYND

EFNISVAL

- Götur og bílastæði, malbik
- Aðlastígar, fast yfirborð
- Stígar, fast yfirborð eða möl
- Göngulóðar, möl eða kurl
- Reiðleið, möl
- Íþrótta- og leiksvæði gúmmíyfirborð









DVALARSVÆÐI VIÐ VARMÁ mkv. 1:200

ÚTILEIKHÚS - HUGMYND AÐ NOTKUN

"Vinnuhópurinn" sér fyrir sér mikla og uppbyggjandi möguleika í leikhúsi í þessu umhverfi. Þar geta jafnt áhugafélög sem og atvinnuleikfélög sett upp sýningar og leikþætti.
Gert er ráð fyrir metnaðarfullu og vel útbúni leiksviði, þar sem fyrir hendi er allur helsti nauðsynlegum tæknibúnaðir, ljós, hljóð, tjöld. Bygging og búnaður gerir ráð fyrir metnaðarfullum leiksýningum, en á sama tíma er einnig á einfaldan hátt að nýta leiksviðið til ólíkra viðburða eins og tónleika, og hvers konar annara hátíðarhalda.

Draumurinn felst í heillandi nýjung í tengingu leikhússins við útiveru og samveru í óhefðbundnu en uppbyggjandi umhverfi.

Setja mætti upp hátíðir á mismunadi tímum árs sem jafnvel yrðu að föstum viðburðum. Hér eru fáeinar hugmyndir:

VOR

Páskaegg - pákaeggjaleit - ratleikir
Blómstrandi páskaliljur og krókusar
Hænur og kjúklingar

SUMAR

Útleikhús - tónleikar - fastir viðburðir
Ljóðalestur - áhugamanna sýningar
Markaður - íþróttir - leikjanámskeið
Íslenskir útileikir - sögusturndir
Skúlptúrsýningar og fleira og fleira

HAUST

Uppskeruhátíð - Bændamarkaður
Grænmeti - Berjatínsla - sulta
Stórir og litlir markaðir;
á allri Stórulaut eða einu bílastæði
við Vesturlandsveg

VETUR

Snjóskúlptúrar - sleðahátíð
Göngus ðabrautir - skautakennsla
Stjörnuskoðun - Flugeldar
Norðurljósahátíð - rökkurfjör

12179

12179